



Atvinnuleysi eykst – en þó minna en ætla mætti

Enn fjölgun á vinnumarkaði

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar er áætlað að rúmlega 211 þús. manns hafi verið á vinnumarkaði í apríl 2019, sem jafngildir 83% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 203 þús. starfandi og 8.400 atvinnulausir. Atvinnuleysi var því 4% af vinnuafli, sem var rúmu einu prósentustigi hærra en mánuðina þar á undan, en 0,6 prósentustigum lægra en í apríl 2018. Starfandi fólk var rúmlega 10 þús. fleira nú í apríl en í apríl 2018, sem er 2,4% fjölgun. Sveiflur milli mánaða eru töluverðar og sé miðað við meðaltal síðustu 12 mánaða var fjölgun starfandi 3% nú í apríl. Í apríl 2018 var samsvarandi tala 0,9% og 4% í apríl 2017. Þessar tölur sýna að vinnumarkaðurinn var enn á fullri ferð í apríl.

Atvinnuþátttaka stöðug

Atvinnuþátttaka í apríl var 83% en var 82,1% í apríl 2018, þannig að atvinnuþátttaka jókst um 0,9 prósentustig milli ára.




Sé litið á 12 mánaða meðaltal dróst atvinnuþátttaka saman um 0,1 prósentustig frá apríl 2018 til sama tíma 2019.

Vinnutími stöðugur

Vikulegar vinnustundir voru að jafnaði 37,3 í apríl og hafði fækkað um 0,7 stundir á einu ári frá apríl 2018. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn nú í apríl 0,2 stund styttri en var í apríl 2018 og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða frá upphafi síðasta árs.

Enn aukning á vinnuafslnotkun

Séu breytingar á fjölda starfandi og vikulegum vinnutíma teknar saman jókst vinnuafslnotkun samfellt á árinu 2018 og einnig á 1. ársfjórðungi 2019. Meginskýringuna er að finna í sífellt auknum fjölda starfandi á vinnumarkaði. Þannig jókst fjöldi





unninna stunda um 2,3% á 4. ársfjórðungi 2018 og 1,8% á fyrsta ársfjórðungi í ár. Þessi aukning er skýrt merki um sterkan vinnumarkað. Þess er þó að vænta að þessar tölur leiti frekar niður á við í takt við meiri slaka á vinnumarkaði.

Skráð atvinnuleysi þokast upp á við

Hér á landi eru til tvær mælingar á atvinnuleysi, hjá Hagstofu Íslands og hjá Vinnumálastofnun. Þessar mælingar eru ólíkar og gefa því oft mismunandi niðurstöðu. Niðurstöður Hagstofunnar byggja á mánaðarlegri úrtakskönnun þar sem fólk er spurt um stöðu sína. Tölur Vinnumálastofnunar sýna hversu margir eru skráðir atvinnulausir og eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Tölur Hagstofunnar eru oftast hærri hvað fjölda varðar og í þeim eru líka mun meiri sveiflur milli mánaða.


Tölur Hagstofunnar um atvinnuleysi eru tvíbentar. Atvinnuleysi jókst töluvert milli mars og apríl í ár, en atvinnuleysi í apríl í fyrra var meira en í ár. Tölur Vinnumálastofnunar um skráð atvinnuleysi hafa hins vegar hækkað nokkuð á síðustu mánuðum. Skráð atvinnuleysi var þannig 3,7% í apríl samanborið við 2,1% í apríl 2018. Nú í apríl voru um 6.800 manns á atvinnuleysissskrá miðað við um 4.200 manns í apríl 2018.

Skráð atvinnuleysi var langmest á Suðurnesjum í apríl og var komið upp í 6,4%, 6,2% meðal karla og 6,6% meðal kvenna. Aukning atvinnuleysis hefur verið mest á Suðurnesjum frá því í apríl 2018, eða um 4,2 prósentustig og þar á eftir á Höfuðborgarsvæðið, um 1,5 prósentustig. Breytingar á öðrum svæðum eru mun minni.


Staðan gæti verið verri

Allt bendir til þess að atvinnuleysi muni aukast eitthvað á næstu misserum, í kjölfar efnahagslegra áfalla eins og gjaldþrots WOW air og loðnubrests. Þó mun aukningin ekki verða eins mikil og reikna mátti með á tímabili. Hagfræðideild reiknar með að skráð atvinnuleysi verði að meðaltali 4,5% í ár, 4% á árinu 2020 og 3,5% á árinu 2022.

Atvinna og vinnutími



Skráð atvinnuleysi





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.